

Fundur - 31.mars 2006

Ár 2006 þann 31.mars kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum..

Fundurinn hófst kl. 10:20

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson og Kristján Þór Eðnezzersson. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson Magnusen byggingarfulltrúi, Ragnar Jóhannsson slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri er reit fundargerð.

Byggingamál

- 1) Erindi frá Þörungaverksmiðjunni h/f. Óskað eftir leyfi vegna stækkunar á verksmiðjuhúsi í Karlsey. Teikningar voru lagðar fram á fundinum auk skráningartöflu. Um er að ræða 236 fermetra viðbyggingu við norðausturhorn núverandi verksmiðjuhúss. Byggingin er stálgrindarhús.

Erindið samþykkt með þeirri athugasemd að flóttaleið vantar úr viðbyggingunni. Einnig vantar brunaslöngu við útidyrarhurð.

- 2) Erindi frá Jóhannesi G. Gíslasyni í Skáleyjum. Um er að ræða útlitsbreytingu á fjárhúsum. Teikningar voru lagðar fram á fundinum. Erindið samþykkt.

Skipulagsmál

- 1) Sveitarstjóri vakti athygli á kynningarfundum um gerð aðalskipulags fyrir Reykhólahrepp sem haldinn verður 11. apríl á Reykhólum. Fulltrúar Landmótunar munu þá mæta á staðinn og kynna stöðu verksins fyrir íbúum.
- 2) Sveitarstjóri greindi frá því að til stæði að fara út í Flatey með fulltrúum landbúnaðarráðuneytis 4. maí næstkomandi. Þar verður endanlega afmörkuð skil á milli hreppslands og ríkislands, rætt við ábúendur o.fl.

Hafnamál.

- 1) Sveitarstjóri greindi frá því að þrýstingur væri frá Siglingastofnun um að Reykhólahreppur gengi frá nýrri hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn. Byggingarfulltrúi greindi frá því að afmörkun hafnarsvæðisins væri í vinnslu hjá sér.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:05.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Kristján Þór Eðnezzersson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Ragnar Jóhannsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)